

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 14

Bátaskrá

Byggðasafns Vestfjarða

Ísafirði



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Byggðasafn Vestfjarða á 13 skráða báta. Af þeim eru 9 súðbyrðingar og jafn margir eru aldursfriðaðir, þ.e. smíðaðir fyrir 1950. Safnið hefur sýnt metnað í varðveislu báta sinna sem kemur meðal annars fram í því að það fylgir þeirri stefnu að gera þá upp þannig að þeir séu sjófærir. Það er kostnaðarsamt en nokkuð góður árangur hefur náðst við að afla fjár til þess. Árið 2017 voru sjö bátanna varðveittir á sjó. Aðrir voru í viðgerð og mislangt komnir á veg.

Þessi stefna hefur haft í för með sér að viðgerðir á bátunum hafa þurft að vera meiri en ella. Það er sennilega ástæða þess að tveir bátanna teljast frekar endursmíði en upprunalegir, þ.e. Jónnanna frá Dynjanda og Gestur frá Vigur.

Auk sinna báta geymir Byggðasafn Vestfjarða tvo merka súðbyrðinga í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Það eru Þór frá Keldu við Mjóafjörð í Djúpi og Ögra úr Ögurvíkinni. Fjallað er um þá í sérstakri skrá yfir báta í eigu Þjóðminjasafnsins.

Segja má að við stofnun Byggðasafnsins árið 1941 og við fyrsta skráða grip þess hafi tónninn verið sleginn. Það er sexæringurinn Ölver, vestfirskur bátur með öllum fargögnum. Ölver hefur verið þungamiðjan í sýningu um verbúðarlíf og útræði frá Ósvör í Bolungarvík og var í aðalhlutverki í heimildarmyndinni um Verstöðina Ísland sem Erlendur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður stýrði.

Byggðasafnið hefur auk bátavarðveislunnar lagt áherslu á að viðhalda verkþekkingu við viðgerð bátanna og stuðlað að því að hún berist á milli kynslóða.¹

¹ Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða 8.1. 2017, nedsti.is

Efnisyfirlit

Eljan frá Nesi	4
Gunnar Sigurðsson ÍS 13	8
Hermóður ÍS 482	11
Jóhanna frá Dynjanda ÍS 159	15
Jörundur	20
Gestur frá Vigur (Litli Gestur)	22
María Júlía BA 36	27
Ölver	32
Örn ÍS 566	36
Rán ÍS 38	38
Sædís ÍS 67	40
Stundvís	46
Tóti ÍS 10	48



Eljan frá Nesi ÍS 590. Ljósm.: Byggðasafn Vestfjarða

Eljan frá Nesi ÍS 590

1. Skipaskrárnúmer: 5685
2. Tegund: Hálfopinn vélbátur, trilla
3. Hlutverk: Fiskibátur; flutningabátur
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða
5. Fyrri eigendur:
 - 24. apríl 1944: Magnús, Sigurður og Jóhannes Elfassynir.

- 16. júlí 1991: Stefán K. Símonarson og Vilberg Prebensson.²
- Guðjón Brjánsson og Dýrfinna Torfadóttir (síðustu eigendur).
- Haustið 2012: Guðjón og Dýrfinna gefa safninu bátinn.³

6. Varðveislustaður: Ísafjörður (ath nánar)

7. Smíðaár: 1941 ⁴

8. Smíðir: Magnús og Sigurður Elíassynir

9. Smíðastaður: Grunnavík, Jökulfjörðum, N-Ísafjarðarsýslu

10. Brúttólestir: 3,55

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,34 x 2,47 x 0,91 ⁵



Eljan ÍS 590. Mynd: Byggðasafn Vestfjarða.

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur ⁶

13. Skrokklag: Breiðfískt (?)

14. Þilfar: Hlerapilfar (?)

15. Yfirbygging: Stýrishús var ekki á bátnum upphaflega, en kom síðar; hvalbakur; lúkarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarúm

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél:

- Fyrsta vél var Scandia, 8 hö

- Síðar var sett í hann Thornycroft vél, ártal vantar, 27 kW

² Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2

³ 15 bátar og einn slippur

⁴ Skv. Jóni Björnssyni er báturinn smíðaður í Grunnavík árið 1935 en eigenda ekki getið fyrr en 1944. Ísl. skip. Bátar 2

⁵ Skipaskrá bls. 204

⁶ 15 bátar og einn slippur

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Eljan ÍS 590. Mynd: Byggðasafn Vestfjarða.

20. Notkunarsaga:

Bræðurnir frá Nesi / Naustum, Magnús og Sigurður Elíassynir, smíðuðu bátinn og áttu hann lengst af. Þeir hafa væntanlega farið á honum í róðra. Stefán Símonarson, frændi Nesbræðra, eignaðist bátinn eftir þeirra dag ásamt Vilberg Prebenssyni og hafa þeir að líkindum notað hann í róðra einnig. Báturinn var jafnframt notaður til aðdrátta og flutninga.⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott / sæmilegt (?)

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Upprunaleiki mikill skv. skýrslu Byggðasafnsins, 15 bátar og einn slippur⁸

24. Viðhald og viðgerðir:

Hinn 6. febrúar 2015 kom báturinn úr standsetningu.⁹ Árið 2017 þarfnaðist hann þó aftur viðgerðar.¹⁰

25. Heimildir um bátinn

- Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta. Rvk. 2000 bls. 204
- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða, nedsti.is
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2, bls. 87
- Björn Baldursson, starfsmaður Byggðasafns Vestfjarða, deildi innleggi á FB-síðunni Félag gamalla trébáta 6. febrúar 2015.- emillpall.123.is/blog/2014/06/30/eljan-fra-nesi-is-590-a-

⁷ 15 bátar og einn slippur

⁸ 15 bátar og einn slippur

⁹ Björn Baldursson

¹⁰ 15 bátar og einn slippur

isafiri/

- emillpall.123.is/blog/2016/07/22/eljan-fra-nesi-is-590-johanna-og-gestur-fra-v/
- Jón Sigurpálsson safnvörður, viðtal við HMS 1.3. 2018

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Opinn vélbátur (trilla), 75 ára gamall. Samkvæmt Byggðasafninu er upprunaleiki bátsins mikill og sögulegt gildi töluvert.



Eljan ÍS 590. Mynd: Byggðasafn Vestfjarða.



Gunnar Sigurðsson ÍS 13. Ljósmyndir: Byggðasafn Vestfjarða

Gunnar Sigurðsson ÍS 13

1. Skipaskrárnúmer: 1381
2. Tegund: Vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur; rækjubátur
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1974: Rafn Oddsson (sennilega eigandi lengst af 1974-1998) ¹¹
 - 1977 og 1984 er hann skráður sem Gunnar Sigurðsson ÍS 13 ¹²
 - 1998: Hraðfrystihúsið hf. eignast bátinn
- Meðal nafna sem báturinn hefur haft eru: Víkingur SH 86, Máni GK 557, Kofri ÍS 41, Magnús KE 46 (síðast), og var hann þá í Njarðvík.¹³

6. Varðveislustaður: Ísafjörður (ath nánar)



Gunnar Sigurðsson ÍS 13. Ljósmyndir: Byggðasafn Vestfjarða

7. Smíðaár: 1974

8. Smíðastöð: Bátalón hf. Hönnuður: Þorbergur Ólafsson

9. Smíðastaður: Hafnarfjörður

10. Brúttórúmlestir: 11 ¹⁴

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 11,7 x 3,36 x 1,27 ¹⁵

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús (úr áli; afturbyggður); bakki, lúgarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarhús, lest

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og afturmastur

18. Vél:

- 1974: Powa Marine, 120 hö¹⁶

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

¹¹ Skv. 15 bátar og einn slippur var hann lengst af gerður út undir stjórn Rafns Oddssonar allt til ársins 1998.

¹² Íslenskt sjómannaalmanak 1977 bls. 426 og 1984 bls. 570. Ekki nefndur hjá Jóni Björnssyni undir því nafni.

¹³ 15 bátar og einn slippur.

¹⁴ Íslenskt sjómannaalmanak 1977 bls. 426. Skv. 15 bátar og einn slippur er hann 13 brl.

¹⁵ Íslenskt sjómannaalmanak 1977 bls. 426

¹⁶ Íslenskt sjómannaalmanak 1977 bls. 426

Þorbergur Ólafsson framkvæmdastjóri Bátalóns teiknaði og hannaði bátinn fyrir Rafn Oddsson skipstjóra á Ísafirði sem lét smíða hann fyrir sig. Hann er jafnframt fyrsti báturinn af þessari gerð sem smíðaður er með álhúsi en ekki tréhúsi. Bátar af þessari gerð voru ýmist frambyggðir eða afturbyggðir.



Gunnar Sigurðsson ÍS 13. Ljósmynd: Byggðasafn Vestfjarða

Gunnar Sigurðsson var lengst af gerður út til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi undir stjórn Rafns Oddssonar eða allt til ársins 1998. Þá komst báturinn í eigu Hraðfrystihússins hf. Báturinn hefur borið ýmis nöfn í gegnum tíðina, síðast Magnús KE 46, og var hann þá í Njarðvík. Eigendur bátsins þar vildu að hann kæmist aftur á heimaslóðir og gáfu hann Byggðasafni Vestfjarða.¹⁷ Þar var gert við hann og hefur verið siglt á honum með ferðamenn.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Bátnum hefur ekkert verið breytt að öðru leyti en því að sett var salerni á gang bakborðsmegin.

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var standsettur þegar safnið eignaðist hann.

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Íslenskt sjómannaalmanak 1977 bls. 426
- Íslenskt sjómannaalmanak 1984 bls 570.
- sarpur.is
- Jóni Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990, bls. 57

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

¹⁷ 15 bátar og einn slippur

27. Almenn umsögn: Að mati safnsins er sögulegt gildi töluvert.



Hermóður ÍS 482. Ljós. Byggðasafn Vestfjarða

Hermóður ÍS 482

1. Skipaskrárnúmer: 5250

2. Tegund: Vélbátur með þilfari

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1930: Hermann Hermannsson á Svalbarði í Ögurvík ¹⁸

- 1945: Sami eigandi

- 1956: Gunnar og Magnús Jóhannessynir á Skarði í Skötufirði

- 1961: Gunnar Jóhannesson á Skarði

- 1974: Sverrir Hermannsson, Gísli Jón Hermannsson og Þórður Hermannsson, Reykjavík, og Gunnar Hermannson, Garðabæ.

- 1997: Skráður í Ögurvík.¹⁹

¹⁸ 15 bátar og einn slippur

¹⁹ 15 bátar og einn slippur; Jón Björnsson bls. 102

6. Varðveislustaður: Ísafjörður

7. Smíðaaár: 1928

8. Smíðir: Falur Jakobsson og synir hans, Jakob og Sigmundur

9. Smíðastaður: Bolungarvík

10. Brúttórúmllestir: 4,0²⁰

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,74 x 2,46 x 0.90 ²¹

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför: Dekkaður

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi ²²

16. Lokuð rými: Vélarhús, lúkar

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél:

- Bukh 14 hö (ártal ekki nefnt)

- 1977: SABB 22 hö (enn í bátnum árið 2000) ²³

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Hermóður ÍS 482. Ljósm. Byggðasafn Vestfjarða

20. Notkunarsaga:

²⁰ Skv. 15 bátar og einn slippur; skv. Skrá yfir ísl. skip og báta 2000 er hann 2,93 brl.

²¹ Skrá yfir ísl. skip og báta 2000

²² 15 bátar og einn slippur

²³ Jón Björnsson bls. 102; Skrá yfir ísl. skip og báta 2000

Með milligöngu Einars Guðfinnssonar útgerðarmanns keypti Hermann Hermannsson á Svalbarði í Ögurvík bátinn árið 1930. Hermann gerði hann út þaðan til ársins 1945 og eftir það frá Ísafirði til 1956. Það ár seldi hann bátinn Gunnari og Magnúsi Jóhannessonum á Skarði í Skötufirði. Hermóður komst í eigu Sverris, sonar Hermanns Hermannssonar, árið 1974. Í Sarpi, menningarlegum gagnagrunni, segir svo:

„Þar umbyggði Gunnar bátinn gersamlega frá stefni og afturúr, nema ein tveggja feta fjöl var höfð með fram í barka úr gamla bátnum, sem samkvæmt gamalli trú átti að flytja yfir giftu og gengi hins gamla. Gunnar Hermannsson byggði hús yfir bátinn við smábátahöfnina í Hafnarfirði.

Eigendur bátsins að svo búnu töldust bræðurnir Gunnar, Þórður, Sverrir og Gísli Jón. Var ákveðið að þeir ættu aðgang að bátnum eftir því sem á stæði, en ákveðið að sá eða þeir sem lengst tórðu myndu sjá um að koma honum á safn, enda höfum við framkvæmt þann vilja allra með gjafabréfinu til Byggðasafns Vestfjarða.

Á 10. áratug síðustu aldar setti Gísli Jón svo bátinn undir yngsta bróðurinn, Birgi, sem gerði hann út í nokkur ár, aðallega frá Bolungarvík, en útgerðarstaður Hermóðs hefir alltaf verið Ögurvík frá 1930. Þegar Birgir hafði lokið útgerð sinni var Hermóði komið fyrir á nýju hafnarstæði í Neðsta-kaupstað.

Árið 2000 var hann svo yfirfarinn, málaður og vél tekin upp og síðan sjósettur. Frá þeim tíma hefir hann verið á floti u.þ.b. þrjá mánuði að sumri til, en í annan tíma verið í geymslu í flugskýlinu á Ísafjarðarflugvell. Báturinn var saumaður upp á nýtt að hluta 2008 og vél var tekin upp að nýju. Enn fremur var hann málaður allur að utan og innan.“²⁴

Báturinn er sjósettur á hverju sumri og hafður á sjó yfir sumarmánuðina.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Upprunalegur að öðru leyti en því að stýrishús er komið í stað vélarkappa.²⁶

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 2008 var skipt um nagla að hluta. 2013 var lokið við að sauma bátinn upp og skipt var um olútanka í honum þar sem þeir gömlu voru orðnir ónýtir.²⁷

25. Heimildir:

- „15 bátar og einn slippur.“ Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2. Rvk. 1999
- Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta. Rvk. 2000 bls. 204

²⁴ Sarpur.is Sennilega bréf til safnsins.

²⁵ Sarpur.is

²⁶ 15 bátar og einn slippur

²⁷ Sarpur.is

- sarpur.is
- „Fjórir bátar Byggðasafnsins fá aðhlynningu í sumar.“ Bæjarins besta, 20. júní 2013.
- Bæjarins besta 20. júní 2013.
- „Vestfirsk alsæla.“ Morgunblaðið 15. ágúst 2004

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Að mati safnsins er sögulegt gildi bátsins töluvert.



Hermóður ÍS 482 fluttur landleiðina. Ljósmynd. Byggðasafn Vestfjarða

Túr með Hermóði (úr blaðagrein)

„Sólin skein í heiði, fiskur vakti undir og múkkar skvöldruðu um allan sjó. Guðni Einarsson og Ragnar Axelsson fóru á skak með feðginunum Margréti og Sverri Hermannssyni á Hermóði ÍS. Þar var spjallað um skak, trillulíf við Djúp, öflun og verkun alvöru matvæla - en nær ekkert um pólitík.

Hermóður ÍS 482 tekur strikið úr Ísafjarðarhöfn og ratar kunnuglega slóð út með Óshlíðinni. Ljúf golan gælir við andlit undir taktfastri hrynjandi mótorskellanna. Sól í heiði og tíguleg fjöllin spegla sig í sjónum. Mjúk undiralda vaggar bátnum varlega á stíminu. Vestfirsk sumarblíða eins og hún gerist best. Streitumeiri skip hendast framúr öldungnum og flýta sér norður á Strandir eða í Jökulfirði. Frákastið gárar hafið um stund. Um borð í Hermóði er lífið kyrrlátara. Engin hætta á að siglt sé fram úr hugsunum skipverja á þessu fari og streitan er skilin eftir í landi.“²⁸

²⁸ „Vestfirsk alsæla.“ (Upphaf greinar um siglingu með Hermóði)



Jóhanna frá Dynjanda ÍS 159 fyrr á tíð og einnig stuttu eftir endursmíði. Ljós.: Byggðasafn Vestfj.

Jóhanna frá Dynjanda ÍS 159

1. Skipaskrárnúmer: 5687 ²⁹

²⁹ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 bls. 256

2. Tegund: Hálfopinn vélbátur, trilla

3. Hlutverk: Fiskiskip

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða frá 1991

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1929: Jóhanna. (Einar) Ágúst Einarsson frá Dynjanda

- 1989: Þristur ÍS 3. Hlynur Þór Magnússon, Smári Haraldsson og Sverrir Guðmundsson.

- 1990: Finnbogi Jónasson, Grímur Freyr Finnbogason og Gunnlaugur Ármann Finnbogason, Ísafirði.

- 1991: Jóhanna er talin ónýtt og tekin af skrá.

- 1991: Gunnlaugur Á. Finnbogason, síðasti eigandi Jóhönnu, gefur safninu bátinn.³⁰

6. Varðveislustaður: Ísafjörður

7. Smíðaár: 1929

8. Smiður: Falur Jakobsson, bátasmiður frá Kvíum

9. Smíðastaður: Bolungarvík

10. Brúttórúmllestir: 2,72

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,9 x 2,28 x 0,88 ³¹

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur³²

13. Skrokklag:

„Þessir léttbyggðu og botnmiklu súðbyrðingar skoppuðu ofaná, á hverju sem gekk“, segir í Einars sögu Guðfinnssonar í Bolungarvík.³³

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

Til er mynd af bátnum með lúkar og vélarhúsi, sennilega frá fyrstu árum. Á öðrum tíma er hann einnig með stýrishús. Nú er hann aftur án stýrishúss.

16. Lokuð rými: Lúkar; vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla



Jóhanna frá Dynjanda ÍS 159 fyrr á tíð. Ljós.: Byggðasafn Vestfjarða.

³⁰ 15 bátar og einn slippur, Jón Björnsson bls. 107

³¹ 15 bátar og einn slippur (ath. dýptina)

³² 15 bátar og einn slippur

³³ Einars saga Guðfinnssonar, bls. 157

18. Vél:

- 1929: Perkins vél 15 hö
- 1988: Mercruiser 180 hö ³⁴
- (2013?): 2 síl. SABB díselvél ³⁵

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Jóhanna frá Dynjanda. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Vestfjarða.

20. Notkunarsaga:

Jóhanna ÍS 159 var smíðuð í Bolungarvík árið 1929 af Fal Jakobssyni, bátasmið frá Kvíum, fyrir (Einar) Ágúst Einarsson frá Dynjanda, og hefur báturinn alla tíð verið kenndur við þann stað. Gunnlaugur Á. Finnbogason, síðasti eigandi Jóhönnu, afhenti Byggðasafni Vestfjarða hana til varðveislu árið 1991.

Jóhanna er mjög gott dæmi um trillu af minni gerðinni, eins og þær voru við Ísafjarðardjúp á þeim tíma sem Jóhanna var smíðuð. „Falsbátarnir“ svokölluðu, þóttu afbragðs sjóskip og fallegastir báta. Þeir voru léttbyggðir en verulega styrktir í smíðinni með mun þéttari, en grennri böndum, en almennt tíðkaðist. Lögum og gerð bátanna miðaðist við að hægt væri að taka þá á land eftir hvern róður, sem var nauðsynlegt þar sem hafnleysur voru. Burðargeta þeirra var furðumikil og var eftir því tekið. „Þessir léttbyggðu og botnmiklu súðbyrðingar skoppuðu ofaná, á hverju sem gekk“, segir í Einars sögu Guðfinnssonar í Bolungarvík.³⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

(Einar) **Ágúst Einarsson** var fæddur að Dynjanda árið 1903; hann var því 26 ára að aldri þegar hann fékk Fal til að smíða bátinn. Fyrst um sinn stundaði hann útgerð frá Dynjanda eða til ársins 1932 að hann flutti að Sæbóli í Aðalvík og síðar að Hesteyri. Hann dvaldi norðan Djúps allt til ársins 1947, þá flutti hann til Ísafjarðar. Ágúst var alla tíð formaður á eigin bát og réri til fiskjar; sjóróðra stundaði hann til æviloka, síðustu árin með tengdasyni sínum Helga Hjartarsyni. Ágúst lést árið 1990.

Falur Jakobsson var fæddur í Paralátursfirði á Hornströndum árið 1872. Falur bjó búi sínu í Barðsvík og var þar við smíðar allt til ársins 1906 þegar hann missir konu sína af barnsförum að hann flytur að Horni og ári síðar til Bolungarvíkur við Ísafjarðardjúp. Fyrstu ár sín í Bolungarvík

³⁴ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 bls. 256

³⁵ Sarpur.is

³⁶ Einars saga Guðfinnssonar bls. 157

rak Falur smíðaverkstæði í félagi við Jóhann Bjarnason bátasmið og fyrrum formann. Árið 1912 hóf Falur rekstur á eigin verkstæði og leið ekki á löngu að synir hans, Jakob og Sigmundur komu inn í reksturinn en allir voru þeir einstakir vöndur og eljumenn. Falur lést árið 1936.³⁷

22. Ástand báts: Gott (viðgerð lokið)

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Jóhanna frá Dynjanda var færð til upphaflegs horfs. Það gerði Magnús Alfreðsson trésmíðameistari á Ísafirði.³⁸ Um leið var hún endursmíðuð að mestu eða öllu leyti að því er best verður séð á meðfylgjandi myndum.



Jóhanna frá Dynjanda var illa farin áður en hún var endursmíðuð, eins og myndin sýnir. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Vestfjarða.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða - nedsti.is
- Ásgeir Jakobsson: Einars saga Guðfinnssonar. Hafnarfj. 1978.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haustið 1995.
- Siglingastofnun: Skrá yfir íslensk skip og báta 2000, Rvk., bls. 256
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2. Rvk. 1999, bls. 107

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:


Að mati safnsins er sögulegt gildi mikið. Jóhanna sé mjög gott dæmi um trillu af minni gerðinni, eins og þær voru við Ísafjarðardjúp á þeim tíma sem hún var smíðuð. En sennilega er réttara að tala um nýtt skip en gamalt.

³⁷ nedsti.is

³⁸ Sarpur.is



Jóhanna frá Dynjanda. Eins og sjá má var skrokkurinn endursmíðaður. Ljós.: Byggðasafn Vestfj.



Afturstefnið endursmíðað. Ljós.: Byggðasafn Vestfj.



Jörundur er báturinn með gaflinum. Ljósmynd: Byggðasafn Vestfjarða

Jörundur

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Opinn vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur, flutningabátur
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða
5. Fyrri eigendur: ?
6. Varðveislustaður: Ísafjörður
7. Smíðaár: 1970-75
8. Smíður: Jörundur Gestsson, Hellu við Steingrímsfjörð. Með síðustu bátum sem hann smíðaði.
9. Smíðastaður: Hella á Selströnd ³⁹
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd í m: um 5,0 (ath nánar)
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur
13. Skrokklag: Með gafl að aftan
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými: Vélarhús
17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla
18. Vél: Báturinn var upphaflega með utanborðsmótor en síðar var sett í hann vél.
19. Siglingatæki og annar búnaður:

³⁹ 15 bátar og einn slippur

20. Notkunarsaga:

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Mjög slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Mjög upprunalegur. Hann er með gafli fyrir utanborðsmótor en síðar var sett í hann vél.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Árni Johnsen: Minningargrein Mognunblaðið, 14. nóv. 1989.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Að mati safnsins er sögulegt gildi lítið. Litlar upplýsingar eru um bátinn.



Jörundur í bátasmiðju sinni við hliðina á bát, sem hann er að smíða núna. Sá verður skuttrilla, því á honum verður utanborðsmótor. Bátar Jörundar eru feikilega fallegir.

Úrklippa úr dagblaði. Ljósmynd: gulli.is



Gestur frá Vigur, tvær myndir. Sú fyrri er frá fyrri tíð, sú neðri eftir standsetningu 2004. Ljósmyndir: Byggðasafn Vestfjarða

Gestur frá Vigur (Litli Gestur)

1. Skipaskrárnúmer: 9855 ⁴⁰
2. Tegund: Opinn vélbátur

⁴⁰ 15 bátar og einn slippur



Gestur frá Vigur á sjávarkambinum í Vigur. Ljósmynd: Byggðasafn Vestfjarða.

3. Hlutverk: Fiskibátur, flutningabátur

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

Báturinn bar sennilega alltaf sama nafn og var alltaf í Vigur. Eigendur:

- 1906: séra Sigurður Stefánsson í Vigur

- 1919: Bjarni Sigurðsson, sonur séra Sigurðar

- Baldur Bjarnason og Björn Bjarnason (þeir gáfu safninu bátinn 1988)

6. Varðveislustaður: Ísafjörður

7. Smíðaár: 1906 (endursmíðaður 2004)

8. Smíður 1906: Guðmundur Sigurðsson bátasmiður. Endursmíði 2004: Ragnar Jakobsson, Bolungarvík

9. Smíðastaður: Súðavík

10. Brúttórúmlestir: um 2 ⁴¹

11. Lengd og breidd í m: 7,57 x 2,15

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1906: Alfa 3 hö, glóðarhausavél, brenndi steinolú (með fyrstu bátum við Djúp sem fengu vél)

- 1932: Sleipnir 3 hö, með rafkveikju og brenndi bensíni

- 1947: Sleipnir 7 hö ⁴² (var enn í bátnum 1999)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

⁴¹ Jón Björnsson bls. 94

⁴² Jón Björnsson bls. 94



Gestur frá Vigur endursmíðaður 2004. Búið er að skipta um borð á neðri hluta bátsins. Mennirnir á efri myndinni eru bræðurnir Guðfinnur og Ragnar Jakobssynir í Bolungarvík. Ljós.: Byggðasafn Vestfjarða.



Gestur frá Vigur endursmíðaður 2004. Svo virðist sem efri hluti bátsins hafi verið endursmíðaður eins og sá neðri. Ljós.: Byggðasafn Vestfjarða.

20. Notkunarsaga:

Séra Sigurður Stefánsson í Vigur hafði forgöngu um smíði bátsins enda kunnur áhugamaður um allt sem að sjávarútvegi laut. Gestur var alla tíð gerður út frá Vigur, lengst af undir formennsku Bjarna, sonar séra Sigurðar. Formennska Bjarna hófst 1909 og stundaði hann sjóinn samhliða búskapnum allar haust- og vetrarvertíðir. Þegar Bjarni tók við búi föður síns árið 1919 keypti hann Gest og greiddi 2.500 kr. fyrir.

Bátnum var ekki aðeins haldið til fiskveiða, heldur var hann notaður til allra þarfa og starfa hvort sem það voru aðdrættir fyrir búið, fólksflutningar, fjárflutningar eða annað. Hann var því þarfasti þjónn þeirra Vigurbænda.⁴³

Gestur þjónaði eigendum sínum allt til ársins 1980, eða í tæplega 80 ár. Á þeim tíma voru í honum þrjár vélar. Þann 22. júlí 1988 afhentu bræðurnir Baldur Bjarnason og Björn Bjarnason, fyrrverandi bændur í Vigur, Byggðasafni Vestfjarða Gest til varðveislu.⁴⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Gestur var alla tíð í Vigur ásamt elsta bát landsins, Vigur-Breið.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

⁴³ 15 bátar og einn slippur. Jón Björnsson Íslensk skip. Bátar 2, bls 94

⁴⁴ 15 bátar og einn slippur.

Báturinn var endursmíðaður að öllu leyti 2004. Smiður þá var Ragnar Jakobsson. Lag bátsins hélt sér eftir það.⁴⁵

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2, bls 94.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Að mati safnsins er sögulegt gildi mikið. En spurning er hvort þetta er gamall bátur eða nýr.



Gestur frá Vigur með árabátinn Vigur-Breið í togi. Ljósmynd: Byggðasafn Vestfjarða.

⁴⁵ Sbr. m.a. myndir frá byggðasafninu sem birtar eru hér.



María Júlía meðan hún var björgunar- og varðskip, 1950-1969, sennilega í upphafi fyrsta þorskastríðsins, 1958. Hugmyndin var/er að færa hana til þess tíma. Ljósni.: lhg.is



María Júlía BA 36 við bryggju. Ljósni.: thsof.123.is

María Júlía BA 36

1. Skipaskrárnúmer: 151
2. Tegund: Dekkað vélskip
3. Hlutverk: Björgunarskip, varðskip, rannsóknaskip, fiskiskip
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða og Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1950: María Júlía. Ríkissjóður Íslands, Reykjavík
- 1969: María Júlía BA 36. Skjöldur hf, Patreksfirði
- 1982: Vaskur hf, Tálknafirði.
- 1985: Þórsberg hf, Tálknafirði ⁴⁶
- 2003: vestfirsku söfnin kaupa skipið

6. Varðveislustaður: Ísafjarðarhöfn

7. Smíðaár: 1950

8. Skipasmíðastöð: Frederikssund Skibsværft

9. Smíðastaður: Frederikssund, Danmörku

10. Brúttórúmlestir: 108 ⁴⁷



Brúin á Maríu Júlíu meðan hún var varð- og björgunarskip. Ljós. Byggðasafn Vestfj.

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 30,14 x 6,62 x 3,32 ⁴⁸

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúðungur

13. Skrokklag:

14. Þilför: Alþilja

15. Yfirbygging: Stýrishús, lúkar, keis

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarúm ...

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og aftursigla

18. Vél:

- 1950: Petters dísel vél 470 hö
- 1972: Cummins dísel vél 580 hö
- 1986: Cummins dísel vél 620 hö (enn í skipinu árið 2000) ⁴⁹

⁴⁶ Jón Björnsson: Íslensk skip 3 bls. 92

⁴⁷ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 bls. 100. Mædist 138 brl 1950 en var endurmæld 1972 skv. Jóni Björnssyni.

⁴⁸ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 bls. 100.

⁴⁹ Jón Björnsson bls. 92, Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 bls. 100.

19. Siglingatæki og annar búnaður:



María Júlía við bryggju. Búið er að smíða þak yfir dekkið. Ljósmynd: thsof.123.is

20. Notkunarsaga:

María Júlía er fyrsta björgunarskúta Vestfirðinga og á sér glæsta sögu sem slík, en einnig úr landhelgisstríðinu 1958 sem einn af varðbátum Landhelgisgæslunnar. Auk þess að vera útbúið til björgunarstarfa var skipið hannað til að gegna fjölþættu hlutverki á sviði hafrannsóknar og strandgæslu.⁵⁰

Saga skipsins.

Það hafði lengi verið baráttumál sjómanna, slysavarnarfólks og fleiri á Vestfjörðum að fá björgunarskip fyrir þennan landshluta. Í Árbók Slysavarnarfélags Íslands 1950 segir svo um jómfrúarsiglingu Maríu Júlíu til Vestfjarða:

„Á Vestfjörðum var skipinu fagnað á hverri höfn og því búin hin prýðilegasta móttaka. Með í för vestur var forseti Slysavarnarfélagsins og fulltrúar slysavarnardeildanna á Vestfjörðum. Er skipið fór fram hjá Bjargtöngum afhenti Þórður Jónsson frá Hvallátrum forseta Slysavarnarfélagsins kr. 1000,00 gjöf í minningarsjóð um Gest Jónsson bróður hans frá foreldrum Gests, systkinum og öðrum vandamönnum, en tilgangur sjóðsins skyldi vera að verðlauna skipverja á „Maríu Júlíu“ fyrir björgunarafrek“. Fleiri Vestfirðingar lögðu fram mikið fé til skipsins, en stærst var þó gjöf hjónanna Maríu Júlíu Gísladóttur og Guðmundar Br. Guðmundssonar kaupmanns á Ísafirði, sem árið 1937 gáfu mestallar eigur sínar í björgunarskútusjóð. Það þótti því vel við hæfi, þegar skipið var loks komið til landsins, að nefna það eftir Maríu Júlíu.“⁵¹

Björgunarskútan María Júlía þjónaði hlutverki sínu vel. Sagt hefur verið að áhafnir hennar hafi bjargað um tvö þúsund mannlífum á þeim árum sem hún var við þess háttar störf en það stenst þó varla. Hún var að auki nýtt til hafrannsóknar og landhelgisgæslu líkt og að hafði verið stefnt. Árið 1968 var María Júlía seld einkaaðilum og var eftir það gerð út til fiskveiða, ýmist frá Patreksfirði eða Tálknafirði, allt til ársins 2003 þegar henni var lagt.

⁵⁰ 15 bátar og einn slippur

⁵¹ 15 bátar og einn slippur

Þegar hætt var að gera Maríu Júlíu út til fiskjar var hún enn vel haffær og í góðu ástandi. Kviknaði þá sú hugmynd hjá safnvörðunum á Hnjóti og á Ísafirði að kanna hvort söfnin gætu sameinast um rekstur skipsins, gert það upp í upprunalegri mynd og rekið það sem fljótandi siglingasafn enda má segja að minjasvæði Vestfjarða sé ekki síður hafið, eyjarnar og landmið af sjó, en fastalandið sjálft.

Snemma sumars 2003 barst eigendum skipsins kautilboð frá Suður Afríku. Var þá ákveðið að söfnin skyldu freista þess að ganga inn í tilboðið með einhverjum ráðum og tryggja að skipið færi ekki úr landi, enda um að ræða skip með mikið sögulegt gildi fyrir Íslendinga auk þess sem skipfræðilegt gildi þess er mikið, að mati byggðasafnsins. Með hjálp þingmanna úr kjördæminu var gert heiðursmannasamkomulag við eigendur skipsins um að söfnin fengju aðstoð hins opinbera við að ganga inn í kautilboðið. Þannig var komið í veg fyrir sölu skipsins úr landi og svigrúm skapað til að kanna rekstrargrundvöll þess sem fljótandi safns.⁵²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Fyrsta þorskastríðið hefst

Hinn 1. september 1958 tóku gildi lög um 12 mílna landhelgi Íslands. Þá sigldu öll erlend fiskiskip út fyrir mörkin nema togarar Breta. Hinn 1. september 1958 sendi breska ríkisstjórnin frá sér ítarlega greinargerð þar sem hún réttlætti íhlutun breska flotans. Ljóst var að það stefndi til átaka og reyndin varð sú að varðskipin Þór og María Júlía gripu til aðgerða gegn bresku freigátunni Eastbourne. Þar með hófust þau átök sem í daglegu tali eru nefnd þorskastríðin.⁵³



Varðskipið María Júlía við breska togarann Northern Foam. Ljósmynd: úr myndasafni Valdimars Jónssonar, loftskýtamanns. Ljósrm.: Lhg⁵⁴

22. Ástand skips: Slæmt

⁵² 15 bátar og einn slippur

⁵³ lhg.is

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Skipinu var mikið breytt þegar það var selt einkaaðilum sem gerðu það út til fiskveiða, 1969-2003. Viðbætur hafa nú verið fjarlægðar og stendur til að færa skipið til upprunalegs horfs þegar og ef fjármunir fást til þess.⁵⁵

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 2003, þegar hætt var að gera Maríu Júlíu út, var hún í góðu standi. Endursmíðin er hins vegar skammt á veg komin.⁵⁶

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Wikipedia.is 2.3. 2018
- Jón Björnsson: Íslensk skip 3, Rvk. 1990, bls. 92
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995.
- Skrá yfir íslensk skip og báta 2000. Siglingastofnun Rvk. 1999.
- lhg.is

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Að mati Byggðasafns Vestfjarða er sögulegt gildi mikið. Hins vegar er ástand skipsins slæmt og erfitt að afla fjár til standsetningar á því. Á meðan ekki fæst fé til viðgerða heldur María Júlía áfram að fúna.

Kannski væri lausn að setja skipið inn í skemmu eins og gert var við Skaftfelling í Vík, Mýrdal.



María Júlía meðan hún var gerð út sem fiskiskip. Ljósmynd: aflafrettir.is

⁵⁵ 15 bátar og einn slippur

⁵⁶ 15 bátar og einn slippur



Sexæringurinn Ölver í uppsátri sínu í Ósvör. Ljósmynd: osvor.is

Ölver

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur, sexæringur
3. Hlutverk: Sýningargripur
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:
6. Varðveislustaður: Við verbúðina Ósvör í Bolungarvík, utandyra
7. Smíðaár: 1941
8. Smiður: Jóhann Bjarnason, bátasmiður og fyrrum árabátaformaður
9. Smíðastaður: Bolungarvík
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,0 x 2,03 x 0,7⁵⁷
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur
13. Skrokklag:
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:

⁵⁷ osvor.is

17. Möstur og seglabúnaður:

Samkvæmt ljósmynd frá 1941 var báturinn með þrjú segl, fokku, framsegl (aðalsegl) og aftursegl.⁵⁸

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Ölver undir seglum 1941, árið sem smíði hans lauk. Ljós. Byggðasafn Vestfj.



⁵⁸ Jón Allansson bls. 56



Ösvör og sexæringurinn Ölver. Ljósmynd. osvor.is

20. Notkunarsaga:

Sexæringurinn Ölver er fyrsti safngripur Byggðasafns Vestfjarða, smíðaður í Bolungarvík árið 1941 af Jóhanni Bjarnasyni, bátasmið og fyrrum árabátaformanni, að frumkvæði Bárðar G. Tómassonar skipaverkfræðings. Hinn 23. júlí 1941 var Ölver afhentur Byggða- og sjóminjasafni Ísfirðinga, eins og safnið hét þá, til eignar og varðveislu. Uppsátur Ölvers er við verbúðina Ósvör í Bolungarvík, og er hann þar til sýnis á sumrin. Ölver er dæmigerður sexæringur eins og þeir voru í Bolungarvík og Hnífsdal um aldamótin 1900.⁵⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Jóhann Bjarnason bátasmiður

22. Ástand báts: Gott (?)

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Báturinn er óbreyttur

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- osvor.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995. bls. 55-56

⁵⁹ 15 bátar og einn slippur



Sexæringurinn Ölver í Ósvör. Ljósm. osvor.is

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Ölver er dæmigerður sexæringur eins og þeir voru í Bolungarvík og Hnífsdal um aldamótin 1900 en nokkuð styttri. Hann á sér enga sögu utan þess að vera safngripur. Með hliðsjón af því er varðveislugildið minna en ella en sýningargildið er ótvírætt og fer vel á því að hann sé hafður við Ósvör.



Örn ÍS 18. Ljósmynd. Byggðasafn Vestfirðinga

Örn ÍS 18

1. **Skipaskrárnúmer:** 941
2. **Tegund:** Vélbátur, alþiljaður
3. **Hlutverk:** Fiskiskip
4. **Eigandi:** Byggðasafn Vestfirðinga
5. **Fyrri umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1942: Örn ÍS 566. Örnólfur Valdimarsson á Suðureyri
 - 1954: Örn ST 105. Djúpavík
 - 1966-1992: Örn ÍS 18. Ísafjörður. Torfi Björnsson
 - 1992: Torfi Björnsson og fjölskynda afhenti Byggðasafninu bátinn til varðveislu⁶⁰
6. **Varðveislustaður:** Ísafjörður
7. **Smíðaár:** 1942
8. **Skipasmíðastöð:** Skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar, Ísafirði
9. **Smíðastaður:** Ísafirði
10. **Brúttórúmlestir:** 19
11. **Lengd, breidd og dýpt í m:** 15,10 x 3,83 x 1,79⁶¹
12. **Smíðaeefni og samsetning skroks:** Eik og beyki, sléttsúðaður, innsúð fullkomin⁶²

⁶⁰ Jón Allansson bls. 57

⁶¹ Íslenskt sjómannaalmanak 1984, bls. 538

⁶² Jón Allansson bls. 57

13. Skrokklag: Framstefnið er lotað en að aftan er hringmyndað hekk. ⁶³

14. Pílför: Aldekkaður

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi

16. Lokuð rými: Vélarúm, lest, lúkar

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og aftursigla. Fokka, fram- og aftursegl.

18. Vél:

- 1977: Cummins 249 ⁶⁴

- (1990): Gray dísel vél ⁶⁵

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Örn var smíðaður fyrir Örnólf Valdimarsson á Suðureyri við Ségandafjörð. Árið 1966 eignaðist Torfi Björnsson bátinn og var hann í hans eigu allt til ársins 1992 er hann afhenti Byggðasafni Vestfjarða bátinn til varðveislu.

Bátnum var m.a. haldið út til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi og var hann í notkun allt til ársins 1991 er hann var tekinn af skrá. Hann var kallaður „Lærlingurinn“, því að hann var mikið til smíðaður af lærlingum M. Bernharðssonar. ⁶⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Óbreyttur

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn er geymdur uppi á landi og hefur stýrishúsið verið fjarlægð.

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.

- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða

- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995. Bls. 57

- sarpur.is

- Íslenskt sjómannaalmanak 1984, Rvk. 1983, bls. 538

- Jón Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990 bls.117

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn hefur mikið sögulegt gildi skv. áliti Byggðasafnsins.

⁶³ Jón Allansson bls. 57

⁶⁴ Íslenskt sjómannaalmanak 1984 bls. 538

⁶⁵ Jón Björnsson bls. 117

⁶⁶ 15 bátar og einn slippur



Rán ÍS 38. Ljósm.: Byggðasafn Vestfjarða

Rán ÍS 38

1. Skipaskrárnúmer: 5225

2. Tegund: Vélbátur, hálfopinn; trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur (?)

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1955: Albert Rósinkransson, Ísafirði

- 1956: Ebeneser Erlendsson, Bolungarvík

- 1969: Pétur Jakobsson, Bolungarvík

- 1981: Pétur ÍS 38. Jón S. Ólason, Kópavogi

- 1983: Pétur ÍS 170. Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, og Reynir Jónsson, Sólbakka, Önundarfirði ⁶⁷

- 1995: Báturinn var afskráður, talinn ónýtur.

- Báturinn komst í eigu Flosa Kristjánssonar og Halldórs Páls Eydal

6. Varðveislustaður: Þingeyri

7. Smíðaár: 1955

8. Smiður: Jakob Falsson bátasmiður

9. Smíðastaður: Ísafjörður

10. Brúttórúmlestir: 2,12 ⁶⁸

11. Lengd og breidd í m: 6,42 x 1,93

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

⁶⁷ Jón Björnsson bls. 118

⁶⁸ Samkvæmt „15 bátar og einn slippur.“ Hjá Jóni Björnssyni er hann 1,63 brl. (bls. 118)

14. Þilför: Rán er ódekkuð en með svokallað hleradekk, þ.e. hægt er að loka miðrúmi hennar með þar til gerðum hlerum sem eru skálkaðir fastir. ⁶⁹

15. Yfirbygging: Stýrishús

16. Lokuð rými: Bakki

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1955: SABB-vél 8 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Rán ÍS 238, öðru nafni Pétur. Ljós. Byggðasafn vestfj.

20. Notkunarsaga: Báturinn var lengst af í eigu Péturs Jakobssonar í Bolungarvík. Hét þá Pétur. Báturinn var afskráður sem ónýtur árið 1995. Komst eftir það í eigu Flosa Kristjánssonar og Halldórs Páls Eydal sem gáfu hann Byggðasafni Vestfjarða.⁷⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt? Í viðgerð 2017.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var borðhækkaður árið 1959 af Guðfinni Jakobssyni frá Reykjafirði á Ströndum

24. Viðhald og viðgerðir:

Rán er í viðgerð hjá Valdimar Elfassyni á Þingeyri.

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.

- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 2 bls. 118

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn: Báturinn hefur talsvert sögulegt gildi skv. eigandanum, Byggðasafninu.

⁶⁹ 15 bátar og einn slippur

⁷⁰ 15 bátar og einn slippur



Sædís ÍS 67 á stríðsárunum, 1940-1945, með íslenska fánann málaðan á síðuna.



Sædís ÍS 67 standsett í slipp. Ljós. Byggðasafn Vestfjarða.

Sædís ÍS 67

1. Skipaskrárnúmer: 825
2. Tegund: Vélbátur, alþiljaður
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:
 - 1938: Útgerðarfélagið hf Njörður, Ísafirði

- 1953: Jens Steindórsson, Ísafirði
- 1956: Vilmundur Reimarsson og Kristján Jónsson, Bolungarvík, Ólafur Guðmundsson, Ísafirði, og Magnús Jónasson, Reykjavík
- 1970: Vilmundur Reimarsson og Magnús Jónasson, Bolungarvík ⁷¹
- 1998, gefandi til safnsins: Vilmundur Reimarsson

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1938

8. Hönnuður og yfirsmiður: Bárður G. Tómasson skipaverkfræðingur

9. Smíðastaður: Ísafjörður

10. Brúttórúmllestir: 14,79

11. Lengd og breidd í m: 13,09 x 3,77

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúðaður / plankabyggður

13. Skrokklag:

14. Þilför: Alþilja

15. Yfirbygging: Lúkar, lúkarskappi, stýrishús (afturbyggður)

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla og aftursigla. Aftursegl.

18. Vél:

- 1938: June Munktel, 40 – 45 hö
- 1962: Scania diesel vél 134 hö ⁷²
- 1998: June Munktel, 37 hö

„Það var töluverð þrautaganga árið 1998 að hafa uppi á vél sambærilega þeirri upprunalegu, sem var glötuð. Jón Jóhannesson frá Bíldudal gaf Þjóðminjasafni Íslands 37 hestafla vél af sömu tegund árið 1985. Vélin er upphaflega úr 10 tonna fiskibáti, Skarphéðni RE 29, smíðuðum 1930. Jón eignaðist bátinn um 1944 og notaði til rækjuveiða á Arnarfirði. Báturinn var rifinn 1950 og vélin þá sett í hús. Söfnin gerðu með sér samstarfssamning og fær Byggðasafn Vestfjarða vélina til afnota í nokkur ár til að byrja með.“ ⁷³

19. Siglingatæki og annar búnaður:


Með bátnum fylgdu ýmis tæki og tól tilheyrandi dragnóta- og reknetaveiðum, sem og önnur tæki sem í honum höfðu verið í öndverðu. ⁷⁴

⁷¹ Jón Björnsson bls. 103

⁷² Jón Björnsson bls. 103

⁷³ 15 bátar og einn slippur

⁷⁴ 15 bátar og einn slippur



Fjórar dísir í smíðum á Torfunesi. Ljós. Byggðasafn Vestfjarða.





Smíði dísa á lokastigi. Ljós. Byggðasafn Vestfirðna.



Fimm dísir liggja við bryggju á Ísafirði. Sædís er lengst til hægri. Ljós. Byggðasafn Vestfirðna.

20. Notkunarsaga:

Sædís var smíðuð á Ísafirði árið 1938. Þá voru Samvinnufélag Ísfirðinga og h.f. Huginn aðsópsmestu útgerðarfélögin á staðnum. Þriðja félagið var Njörður, en Kaupfélag Ísfirðinga var þar stærsti hluthafinn.

Sædís var fyrsti bátur Njarðar, 1938. Ásdís var smíðuð sama ár og árið 1940 höfðu þrjár „dísir“ bæst í flotann, Bryndís, Hjördís og Valdís. Allir voru þessir bátar teiknaðir og smíðaðir af Bárði G. Tómassyni, skipaverkfræðingi á Ísafirði. Enn síðar bættist sjötta dísin við, Jódís. Dísirnar voru allar gerðar út fram yfir síðari heimsstyrjöld og stunduðu ýmist línu-, dragnóta- eða reknetaveiðar.

Haustið 1998 færði Vilmundur Reimarsson í Bolungarvík Byggðasafni Vestfjarða Sædís að gjöf. Safnið hefur síðan látið vinna að endurbótum á henni og er von safnsins að þegar viðgerðum lýkur verði hægt að varðveita hana á floti og hafa hana í siglingum með safngesti.⁷⁵



Sædís ÍS 67 í slipp. Ljósmynd. Byggðasafn Vestfjarða.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Bárður G. Tómasson, hönnuður dísanna, fæddist að Hjöllum í Skötufirði í Norður-Ísafjarðarsýslu 1885 og andaðist á Ísafirði árið 1961. Hann fluttist barn að aldri með móður sinni að Kollafjarðarnesi í Strandasýslu og ólst þar upp hjá móðurbróður sínum, Guðmundi Bárðarsyni. Guðmundur var frábær bátasmiður og þar hófust kynni Bárðar af þeirri iðngrein. Hann fluttist 18 ára gamall til Ísafjarðar og réðst til Jóhanns Þorkelssonar skipasmiðs. Hjá honum vann Bárður einn vetur við þilskipaviðgerðir en haustið 1904 sigldi

⁷⁵ 15 bátar og einn slippur

hann til Danmerkur til náms í skipasmíðum. Að því loknu hélt hann til framhaldsnáms og starfa í Bretlandi og varð fyrstur Íslendinga til að ljúka námi í skipaverkfræði. Árið 1916 sneri Bárður aftur til Ísafjarðar og gekkst fyrir því að stofnuð var skipasmíðastöð, sem hann svo rak allt til ársins 1944 þegar hann var ráðinn í embætti siglingamálastjóra.⁷⁶

Dísirnar. Á árunum 1938 og 1939 lét Hlutfélagið Njörður smíða fyrir sig fimm skip, um 15 brl. að stærð, í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar og var Sædís eitt þeirra. Sjötta skipið var síðan smíðað árið 1943. Þessi skip gengu undir nafninu dísirnar því að nöfnin á þeim enduðu öll á dís. Sædís ÍS 67 var sú fyrsta. Bárður skrifaði grein í Tímarit iðnaðarmanna árið 1938 þar sem hann fjallar um smíði Sædísar ÍS og fleiri báta. Þar segir hann m.a.:

„Hlutfélagið Njörður hefur samið um smíði fimm 14 rúmlesta báta í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar. Þar af eru tveir þegar í smíðum, eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Að lokinni smíði hinna fimm báta hefir hf Muninn forgangsrétt að smíði 18 rúmlesta báts við hina síðastnefndu stöð. Eins og séð verður af þessu hafa skipasmíðir á Ísafirði mikið verk fyrir höndum og væri vel farið ef önnur útgerðarfélög á landinu tækju sér þessi nýju ísfirzku útgerðarfélög til fyrirmyndar um innlenda smíði skipanna.“⁷⁷

22. Ástand báts: Ekki gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Fyrirhugað er að færa Sædís til upphaflegs horfs.

24. Viðhald og viðgerðir: Í viðgerð árið 2017

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- nedsti.is - Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Hjálmar R. Bárðarson: *Dísirnar voru smíðaðar á Torfunesi*. Morgunblaðið 31. mars 1990
- Bárður G. Tómasson: *Skipasmíði*. Tímarit iðnaðarmanna 5. tbl. 1938, bls. 75-76.
- Jón Björnsson: Íslensk skip 2. Rvk. 1990

Sædís er systurskip Bryndísar ÍS 69 sem lítið er eftir af annað en skrokkurinn. Fjallað er um Bryndísi í skrá yfir skip eldri en 1950 á skipaskrá.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Byggðasafnið metur sögulegt gildi bátsins talsvert. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. að dísirnar voru hannaðar og smíðaðar á Ísafirði og voru burðarásar í atvinnulífinu á staðnum í fjölda ára.

⁷⁶ 15 bátar og einn slippur

⁷⁷ Bárður G. Tómasson: Skipasmíði. Tímarit iðnaðarmanna 5. tbl. 1938, bls. 75-76.



Stundvís. Ljós. Byggðasafn Vestfjarða

Stundvís

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; opinn vélbátur, trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur; flutningabátur

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri eigendur:

- 1940-1950: Bjarni Ólafsson, skósmiður í Hnífsdal

- 1954: Páll Pálsson í Hnífsdal

- Niðjar Páls Pálssonar, sem gáfu bátinn safninu árið 1993

6. Varðveislustaður: Hnífsdalur

7. Smíðaár/aldur: Fyrir 1940 ⁷⁸

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Noregur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m:

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

⁷⁸ 15 bátar og einn slippur

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Stundvís er norskur árabátur eða skekta sem Bjarni Ólafsson skósmiður í Hnífsdal átti á fimmta áratug 20. aldar. Hann hafði verið borðhækkaður og sett í hann vél þegar Páll Pálsson í Hnífsdal, fyrrum árabátaformaður og útvegsbóndi, eignaðist hann árið 1954, þá rúmlega sjötugur að aldri. Páll naut ellinnar á trillunni og sótti iðulega stíft, oft með félögum og fjölskyldu. Árið 1993 gáfu niðjar Páls Byggðasafni Vestfjarða bátinn.⁷⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: ath

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var borðhækkaður og sett í hann vél, breytt í trillu, fyrir 1954.

24. Viðhald og viðgerðir: (Í viðgerð)

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995. Bls. 58

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur, aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Stundvís var einn af mörgum norskum bátum sem bárust til Íslands á fyrri hluta 20. aldar. Byggðasafnið metur gildi bátsins talsvert.

⁷⁹ 15 bátar og einn slippur.



Tóti Ís 10. Ljósm. Byggðasafn Vestfjarða

Tóti ÍS 10

1. Skipaskrárnúmer: 858

2. Tegund: Vélbátur, þiljaður

3. Hlutverk: Fiskibátur, flutningabátur

4. Eigandi: Byggðasafn Vestfjarða

5. Fyrri eigendur:

- 1931: Kristján E. Kristjánsson og Einar Guðfinnsson útgerðarmaður, Bolungarvík
- 1947: Halldór Víglundsson Reykjanesi, Ísafjarðarsýslu
- 1951: Steingrímur Pétursson, Hjöllum, Ögurhreppi
- 1960: Garðar Einarsson og Ólafur Gunnarsson, Ísafirði
- 1966: Steingrímur Pétursson og Kristján Pétursson, Ögurhreppi, Ísafjarðarsýslu
- 1968: Báturinn er talinn ónýttur og tekinn af skrá⁸⁰
- 1987: Steingrímur Pétursson o.fl.⁸¹
- 1987: Steingrímur Pétursson afhenti Byggðasafni Vestfjarða bátinn

6. Varðveislustaður: Ísafjörður; á lóð Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað

7. Smíðaár: 1930

8. Smiður: Falur Jakobsson

9. Smíðastaður: Bolungarvík

⁸⁰ Jón Björnsson bls. 107

⁸¹ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 436

10. Brúttórúmllestir: 7,0

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 10,29 x 3,05 x 1,13 ⁸²

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Einar Guðfinnsson lýsti bátnum á þessa leið: „Miklir voru Falsbátar til endanna og botnmiklir, svo að þeir lyftu sér vel á báru, og botninn var lagður snemma út frá kjalsíðunum til þess að þeir flytu sem fyrst í ofansetningi.” ⁸³ Falsbátarnir voru bátar sem Falur Jakobsson, Bolungarvík, smíðaði.

Í bókinni Einars saga Guðfinnssonar er sagt frá smíði Tóta. Þar segir Einar um skipasmiðinn, Fal Jakobsson: „Falur miðaði gerð bátanna við aðstæður í Bolungarvík, setningin upp og ofan í hverjum róðri. Bátarnir voru því eins léttbyggðir og kostur var á. Þeir voru byggðir úr furu, nema bönd úr eik. Þeir voru þéttbentir, en böndin grönn. Miklir voru Falsbátar til endanna og botnmiklir, svo að þeir lyftu sér vel á báru, og botninn var lagður snemma út frá kjalsíðunum til þess að þeir flytu sem fyrst í ofansetningi.” ⁸⁴

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarrúm

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og aftursigla

18. Vél:

- 1930: Hein vél 20 hö ⁸⁵

- 1959: MWM Diesel 33 ⁸⁶

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Tóti var notaður bæði til fiskveiða og flutninga. Hann var fyrsti báturinn sem Einar Guðfinnsson útgerðarmaður í Bolungarvík lét smíða fyrir sig. Hann var gerður út frá Bolungarvík til ársins 1947 og í notkun við Djúp allt til ársins 1968 er hann var dæmdur ónýtur. Steingrímur Pétursson bóndi frá Hjöllum í Skötufríði afhenti hann Byggðasafni Vestfjarða árið 1987.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Einar Guðfinnsson

Hann var lengi umsvifamikill útgerðarmaður í Bolungarvík og rak fyrirtækið *Einar Guðfinnsson hf.* Saga Einars Guðfinnssonar hf. nær yfir 80 ára tímabil.

Einar varð ungur formaður á bátum í Ísafjarðardjúpi og hóf eigin útgerð. Hann miðaði ávallt stofnun fyrirtækis síns við 1. nóvember 1924. Þann dag var undirritaður samningur um kaup hans á eignum sem Hæstikaupstaður hf. átti á Búðarnesinu í Bolungarvík. Eignirnar voru verbúð, fiskhús og verslunarbúð, auk skúra, skemmu, uppsáturs fyrir tvo báta og leiguréttar á reitum.

⁸² 15 bátar og einn slippur. Í Íslensku sjómannaalmanaki 1967 munar nokkrum sm á lengd og breidd.

⁸³ Einars saga Guðfinnssonar bls. 157

⁸⁴ Einars saga Guðfinnssonar bls. 157

⁸⁵ Jón Björnsson bls. 107

⁸⁶ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 436

Á þeim grunni byggði Einar upp útgerðar-, fiskvinnslu og verslunarfyrirtæki í Bolungarvík og varð það eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Reksturinn var í nokkrum hlutafélögum sem Einar og fjölskylda hans áttu. Þegar Einar lést, 1987, höfðu þrír synir hans, Guðfinnur, Jónatan og Guðmundur Páll, fyrir all löngu tekið við daglegum rekstri fyrirtækjanna og síðar komu synir þeirra einnig inn í stjórnunina.⁸⁷



Tóti Ís 10. Ljósm. Byggðasafn Vestfjarða

22. Ástand báts: Slæmt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Mjög upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir:

Núverandi ástand Tóta er mjög bágborið og viðgerð má ekki dragast mikið lengur. Tóti er orðinn mjög fúinn og er að grotna niður í orðsins fyllstu merkingu þar sem eyðingaröflin vinna hratt á honum.⁸⁸

25. Heimildir:

- 15 bátar og einn slippur. Kynningarrit Byggðasafns Vestfjarða. Útg. 2017.
- Ásgeir Jakobsson: Einars saga Guðfinnssonar. Hafnarfj. 1978.
- Jón Karl Snorrason: Í minningu Einars Guðfinnssonar. Sunnudagsblað. Morgunblaðið 17. maí 1998
- nedsti.is Heimasíða Byggðasafns Vestfjarða
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 436
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995.

⁸⁷ Morgunblaðið 17. febrúar 1993

⁸⁸ sarpur.is

Bls. 57

- Jón Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990, bls. 107
- Morgunblaðið 17. febrúar 1993
- sarpur.is

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Að mati byggðasafnsins er varðveislugildi bátsins mikið. Hann var fyrsti báturinn sem hinn þekkti athafnamaður Einar Guðfinnsson lét smíða. Hann er einnig með elstu vélbátum.



Tóti Ís 10. Ljósm. Byggðasafn Vestfjarða